

Fundur 28.10.2024 Shi Ching, var uppi í Kína fyrir rúmlega 3 þúsund árum.

Komið þið öll blessuð og sæl.

*Já góða kvöldið, velkominn.*

Heilsa ég ykkur, erum við í tengslum við forfeðurna og formæðurnar og með aðferðum þeirra gerðum við þennan hnött okkur byggilegan.

Og vil ég að þjóð mín verði til að leiða í friðarmálum, eins og ykkar þjóð, hef ég mikið rannsakað gamla og nýja spádóma, og er það nauðsynlegt að sá spádómur komi fram að friðarhöfðingi og vísindahöfðingi komi fram hjá íslensku þjóðinni og leiði heimsbyggðina út úr þeim vandamálum sem hún er.

Er hér fagurt ljósið sem umkringir okkur og er það bláleitt, og stafar það af nálægð vatnsins við okkur og nálægð himinsins, og orku þeirri sem við höfum tileinkað okkur.

Er það stórkostleg sagan af því, hvernig við gátum gert þennan hnött byggilegan með samstillingunni og kærleikanum sem á milli okkar ríkir.

Hafði ég dáið fram á fjölda framlífs hnatta og voru það ýmsar deildirnar á minni framlífs jörð og hóparnir, sem einbeittu sér að margvíslegum málefnum.

En eitt af því sem ég hafði rekið mig á, í fræðastörfum mínum á fyrri jarðstjörnum, á framlífs hnöttum mínum. Var að sumir Guðir forfeðra norrænna manna, höfðu kallast Vænar eða Venar og úr því komið annar Guða hópur sem magnaðist og samstilltist þeim. Og hjálpaði hann fólkinu sem fyrst byggði Norðurlöndin og spratt upp af því ísaldarfólkið sem tignaði þau Goð, og voru þeir kallaðir Vanir. Og byggðu þeir Norðurlöndin fyrir nokkur þúsund árum.

Og hafði ég tekið þátt í fjölmörgum hjálpar leiðöngrum til hnatta með bundinn möndulsnúning, og fékk ég þetta sameiginlega áhugamál, að við sem erum austræddnar ættar, og höfðum fengið þátt í mikilli samstillingu og vorum uppi á jörðinni fyrir langa löngu, áttum kost á því með samstillingu okkar og kærleiksorku, að læra af gömlum Guðum ykkar kynstofns, og leika þann sama leik eftir í smáu.

Og byrjuðum við á einum litlum hnetti, þar sem aðstæður voru hentugar, og tók það okkur hálfu mannsæfina og náðum svo árangri og búum við enn að því, á þessum hnetti.

Já, nú erum við í betri tengslum við þessa Guði ykkar og höldum okkar sambandsfundi sem áður.

Var ég uppi í Kína fyrir rúmlega þrjú þúsund árum, og nefnist Shi Ching, tókum við okkur það verkefni á hendur að gera hnött byggilegan, sem var of kaldur fyrir venjulegt líf og andrúmsloftið ekki nægilega vistlegt, og tókst okkur það að lokum.

Erum við hér stödd í húsi nokkru sem er neðan sjávar að nokkru leiti, en haldið vistlegu með orku sem heldur súrefni hér í skálum og eru sum mannvirki ofan sjávar, og sífellt fleiri svæði hnattarins byggileg.

Já höfum við einnig áhuga á því sem gerist á gömlu jörðinni og vonum við að okkar gamla kínverska þjóð muni miðla málum og stuðla að friði og hef ég einnig heyrt spádómana um Ísland og vona að þeir gangi eftir, en er ég þess fullviss að starfsemi ykkar merkilega félags, stuðli að lífstefnunni og sé til blessunar fyrir allt mannkyn og styðjum við það heilshugar svo sannarlega eins og aðrir.

Aðrir af okkar ættstofni sem til ykkar hafa talað, finn ég nú orkuna dvína, og vil ég senda frið minn til ykkar og verið þið sæl.

*Þakka þér fyrir falleg orð og vertu sæll.*